



FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

22. júlí 2009 – 172. tölublað – 9. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000

MIÐVIKUDAGUR



Semur fyrir CCP

Pórhallur Skúlason gerði teknólóg fyrir kynningar-myndband Eve Online.

FÓLK 22

Hlutverkaskipti

Ríkisstjórn Nýja Íslands vill ekki að þjóðin hafi úrslitavald um ESB, segir Jónína Michaelsdóttir.

Í DAG 12

Herinn alltaf heillað

Tryggvi Hjaltason hefur lokið liðsforingjapjálfun hjá bandaríska hernum.




TÍMAMÓT 14

Fjárhagsstaða Lyn slæm

Landsliðsmaðurinn Indriði Sigurðsson er óviss um framtíð sína hjá liðinu.

ÍÞRÓTTIR 17

VEÐRIÐ Í DAG



SKÝJAFÐ NA-LANDS Í dag verða víða norðaustan 3-10 m/s. Bjart sunnan- og vestantil en skýjað og dálítill súld norðaustanlands. Hiti víðast á bilinu 8-18 stig og hlýjast SV-lands en svalast norðaustantil.

VEÐUR 4

Glæpum fjölgar á tímum niðurskurðar hjá lögreglu

Niðurskurður hjá lögreglu er fyrir löngu farinn að torvelða rannsókn lögreglu á afbrotum og setja lögreglumenn í hættu. Vegna fjárskorts hafa ekki verið til tómir diskar fyrir upptökubúnað í lögreglubílum.

LÖGREGLUMÁL Innbrotum og fíkniefnabrotum hefur fjölgað gríðarlega það sem af er ári samanborið við sama tíma í fyrra, samkvæmt bráðabirgðaniðurstöðum Ríkis-lögrelustjóra.

Alls voru 290 innbrot skráð á landinu öllu fyrstu sex mánuði ársins, sem er 61 prósent aukning frá sama tímabili í fyrra. Á sama tíma fjölgaði fíkniefnabrotum um 44 prósent, voru 133 talsins á fyrstu sex mánuðum ársins.

Lögreglumenn hafa kvartað yfir niðurskurði, sem þeir segja að sé kominn á það stig að hann ógni

öruggi lögreglumanna. Niðurskurðurinn torveldi lögreglu að upplýsa afbrot, og valdi því að afbrotamenn sleppi mun oft en áður. Niðurskurðurinn sé löngu kominn á það stig að hann bitni á almenningi.

Talið er að fjárskortur geti torvelða rannsókn lögreglu á ofsakstri öikumans sem flúði undan lögreglu frá Breiðholti upp í Hvalfjörð á sunnudagskvöld. Lögreglumenn fullyrða að ekki hafi verið til fjármunir til að kaupa tóma mynddíska fyrir upptökubúnað lögreglubíla, og því upptaka ekki í gangi í lögreglubíl sem veitti eftirför.

Lögreglumaður lýsti bágborinni stöðu hjá embættinu í bréfi til fjölmiðla í gær. Hann segir að vegna þeirrar stefnu að hafa lögreglumenn eina í bílum sé öryggi þeirra stefnt í hættu. Þá sé upptökubúnaður í bílum vannýttur þar sem ekki séu til tómir diskar.

Vegna þessa hafi aðeins einn lögreglumaður orðið vitni að því þegar ökumaður á flóttu undan lögreglu á sunnudagskvöld hafi ekið á göngustígum í Elliðaárdal, og stefnt þannig vegfarendum í hættu. Þess vegna þurfi lögregla nú að leita að vitnum að atburðinum, sem ekki

hefði þurft hefði upptaka verið til af eftirför lögreglu.

Eina ástæða fyrir því að upptaka er til af hluta eftirfararinnar er sú að sérveitarmenn voru staddir á höfuðborgarsvæðinu, segir lögreglumaðurinn. Hann segir að vissulega sé hægt að halda því fram að um undantekningartilvik hafi verið að ræða, en þeim tilvikum fari nú ört fjölgandi.

Lögreflufélag Reykjavíkur sendi í gær frá sér yfirlýsingu þar sem segir að orð lögreglumannsins endurspegli hug flestra lögreglumanna. - bj



STUKKU FRAM AF GULLINBRÚ Sjósund nýtur mikilla vinsælda um þessar mundir, en það voru engir venjulegir sjósundskappar sem gerðu það að leik sínum að stökkva af Gullinbrú í hylldjúpan Grafarvoginn í gær. Lögreglan ræddi við fjórmenningana þar sem þeir trufluðu umferð um brúna, en aðhafist ekkert þar sem piltarnir féllust á að hætta stökkæfingunum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Ökuferðin endaði í fjörinni:

Fjórir slasaðir eftir bílslys

LÖGREGLUMÁL Fjórir eru slasaðir eftir að jepplingur fór út af veginum í austanverðum Alftafirði á norðanverðum Vestfjörðum á sjötta tímanum í gær. Bíllinn valt niður brekku og endaði á hliðinni í fjörinni. Ekki er vitað um tildrög slyssins, sem er í rannsókn.

Tveir farþegar úr bílnum eru taldir alvarlega slasaðir, og voru fluttir með sjúkraflugvél á Landspítalann í Reykjavík. Ökumaður og einn farþegi voru minna slasaðir, og voru þeir fluttir á fjóröngssjúkrahúsið á Ísafirði.

Bílstjórinn slasaðist lítið, og ræddi lögregla við hann í gær til að fá upplýsingar um tildrög slyssins. - bj

Össur Skarphéðinsson:

Undrast um-mæli í Hollandi

UTANRÍKISMÁL Utanríkisráðherrar Íslands og Hollands ræddu sín á milli um Icesave í gær. Össur segist ekki leggja í vana sinn að tala um slík samtöl, en þar sem starfsbróðir hans hafi gert það geri hann það nú. „Ég útskýrði fyrir honum hvar málið væri státt, það væri til umfjöllunar á Alþingi. Ísland væri lýðræðisríki og Alþingi tæki sér þann tíma sem það þyrfti til að ræða málið.“ Össur segir hollenska ráðherrann hafa lýst sinni skoðun að best væri að ljúka málinu sem fyrst. Hann undrist þó yfirlýsingar í hollenskum fjölmiðlum og telur að þær séu hluti af innanríkis-pólitík þar í landi. Hann væri að bregðast við gagnrýni kjósenda.



ÖSSUR SKARPHÉÐINSSON

- kóp / sjá síðu 8

Félagsmálaráðherra segir tengsl ráðuneyta og markaðar geta orðið of náin:

Velferð ráði regluverki markaðarins

STJÓRNMÁL Árni Páll Árnason vill að félagsmálaráðuneytið komi að því að ákvarða regluverk markaðarins. Óeðlilega náin tengsl geti myndast á milli markaðarins og þeirra ráðuneyta sem um hans málefni véla. Því sé eðlilegt að talsmenn annarra sjónarmiða komi að þeirri vinnu. Þegar kreppi að taki velferðarkerfið skellinn.

„Aftur og aftur lendum við í kreppu vegna þess að menn missa sjónar á því sem mestu skiptir, í


einhverri bólukenndri fjármála-starfsemi. Alltaf er það velferðarkerfið sem þarf að taka við.

Sjónarmið velferðarþjónustunnar ættu að ráða því hversu lausan tauminn við gefum fjármálamarkaðnum á hverjum tíma. Áhættumatið á að vera víðara og stærra, það á ekki alltaf að einblína á þennan eina markað; fjármálamarkaðinn.“

Ráðherra spyr hvort menn hafi haft skakkt módel í hausnum þegar

kemur að áhættumati markaðarins. Þar hafi menn fyrst og fremst spurt sig að því hver áhættan væri fyrir bankana. Í raun hefðu menn einnig átt að velja fyrir sér áhættu fyrir þjóðarþúfið og atvinnustigið. Fyrir vikið missi blásaklaust fólk vinnuna.

Árni segir vel koma til greina að setja þak á hlutfallslegar atvinnuleysisbætur, en unnið er að endurskoðun laga um atvinnuþryggingarsjóð.



-18- Subway staðir um allt land

SUBWAY Taktu bát með í fríð

Reykjavík • Mosfellsbæ • Akranesi
Akureyri • Egilsstöðum • Selfossi
Keflavík • Hafnarfirði • Kópavogi

SPURNING DAGSINS



Sveinn, hafa mörg lög horfið eftir að þú byrjaðir að stunda „hot yoga“?

„Já, heilt lagasafn.“

Sveinn Andri Sveinsson hæstaréttarlögmaður hefur grent mikilo síðustu árin. Meðal annars hefur hann stundað „hot yoga“ sér til heilsubótar eins og kom fram í Fréttablaðinu í gær.

Fimmtán Íslendingar veikir: Fleiri greinast með svínaflensu

HEILBRIGÐISMÁL Fjögur ný tilfelli af svínaflensu greindust í gær. Fimmtán Íslendingar hafa því smitast af flensunni hingað til.

Tvær konur, 24 og 33 ára, greindust með flensuna í gær. Hvorug þeirra hefur ferðast til útlanda nýlega og hafa því smitast innanlands. Sjö ára drengur og 21 árs gamall maður, sem báðir eru nýkomnir frá Filippseyjum, greindust einnig. Þeir tengjast ekki og komu ekki heim á sama tíma.

Ekkert þeirra er með alvarleg einkenni flensunnar og öll eru á batavegi. - þeb



BIDEN OG TIMOSJENKÓ Varforseti Bandaríkjanna ásamt Júlíu Timosjenkó, forsætisráðherra Tékklands. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Joe Biden í Úkraínu:

Vill að Úkraína gangi í NATO

ÚKRAÍNA, AP Joe Biden, varaforseti Bandaríkjanna, segir að Bandaríkjustjórn myndi fagna því ef Úkraína sækti um aðild að Atlantshafsbandalaginu.

Jafnframt tók hann það fram, í heimsókn sinni í Úkraínu í gær, að Úkraínustjórn hefði fullt frelsi til að velja sér bandamenn að vild.

Þessar yfirlýsingar þykja augljós skot á rússnesk stjórnvöld, sem hafa lýst andstöðu við að Úkraína halli sér meira að Vesturlöndum en Rússlandi.

Skoðanakannanir sýna að meirihluti Úkraínumanna er andvígur aðild að NATO. - gb

Fjöldi sérfræðinga á fund fjárlaganefndar í dag að ósk stjórnarandstöðu:

Icesave úr nefnd í næstu viku

UTANRÍKISMÁL Fjöldi sérfræðinga kemur fyrir fjárlaganefnd í dag að ósk stjórnarandstöðunnar. Gunnar Haraldsson, forstöðumaður hagfræðistofnunar Háskóla Íslands, hinn hluta nefndarinnar fyrir hádegi og rýnir í talnagrunn sem liggur að baki skýrslu Seðlabankans. Þá munu lögfræðingarnir Ragnar Hall, Eiríkur Tómasson, Ástráður Haraldsson og Steinn Guðbjartsdóttir hitta nefndina alla eftir hádegi.

Guðbjartur Hannesson, formaður fjárlaganefndar, segir nefndina eiga nokkuð í land með álit sitt, en ynnu allir saman ætti að nást að klára það um helgina.



GUÐBJARTUR Formaður fjárlaganefndar segir æskilegt að ljúka afgreiðslu um ríkisábyrgð vegna Icesave fyrir 1. ágúst þegar endurskoðun AGS hefst. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Það er því ljóst að frumvarpið um ríkisábyrgð vegna Icesave kemur

ekki til annarrar umræðu fyrr en í fyrsta lagi í næstu viku.

Guðbjartur segir að hann telji mjög mikilvægt að klára málið fyrir 1. ágúst, en þá á endurskoðun Alþjóðagjaldeyrissjóðsins að hefjast. Hann segir útkomu málsins munu hafa áhrif á hana sem og alþjóðlega stöðu landsins.

Efnahags- og skattanefnd og utanríkismálanefnd skila fjárlaganefnd álit sínu á næstu dögum. Meðal þess sem meirihluti þeirrar síðarnefndu skoðar nú er EES-regluverkið, evrópska innstæðuferkið og þau áhrif sem höfnun frumvarpsins mundi hafa á stöðu Íslands á alþjóðavettvangi. - kóp

Kviknaði í sumarbústað:

Fjölskylda slapp ómeidd úr eldi

ELDSVÖÐI Fimm manna fjölskylda slapp ómeidd þegar eldur kviknaði í sumarbústað í Munaðarnesi í gærmorgun.

Húsráðendur vöknúðu við reykskynjara og náðu að koma sér út úr húsinu og hafa hemil á eldnum þar til slökkvilið kom á staðinn. Það var gert með því að ausa vatni úr heitum potti og nota slökkvitæki sem fannst í næsta bústað. Ekkert slökkvitæki var í bústaðnum sjálfum.

Talið er að eldurinn hafi kviknað undir vernd bústaðarins. Talsverðar skemmdir urðu á húsinu, bæði innan- og utandyra. - þeb

Keppni harðnar um sjö undur veraldar

Galapagos-eyjar, Amason-frumskógurinn, Dauðahafið og Kilimanjaro eru meðal nærri þrjátíu náttúrufrýrbæra sem komin eru í úrslit í alþjóðlegri netkosningu um sjö helstu undur veraldar. Enn eru þó tvö ár þar til úrslit verða ljós.

BRETLAND, AP Búist er við því að milljarður manna taki þátt í alþjóðlegri net- og símakosningu um það, hvaða sjö náttúrufrýrbæri teljast merkust hér á jörð. Í vikunni var skýrt frá því, hvaða 28 undur eru komin í úrslitakeppnina. Listann má sjá hér til hliðar.

„Þessari samkeppni er ætlað að stuðla að því að við kunnum betur að meta – og þekkjum betur – umhverfi okkar, ekki aðeins í okkar eigin landi heldur úti um allan heim,“ segir svissneski ævintýramaðurinn Bernard Weber, sem er frumkvöðull kosningarinnar.

„Ef við viljum að börnin okkar varðveiti eitthvað, þá þurfum við fyrst að kunna að meta það.“

Alls var 261 náttúrufrýrbæri víðs vegar um heim tilnefnt í keppnina. Í fyrri umferð kosningarinnar komust 77 þeirra í undanúrslit, og nú hefur hópur sérfræðinga valið 28 þeirra í endanlegu úrslitakeppnina.

Hægt er að greiða atkvæði á vefsíðunni www.new7wonders.com, eða símleidis. Úrslit verða þó ekki endanlega ljós fyrr en árið 2011.

Árið 2007 var greint frá úrslitum um í sams konar keppni um sjö manngerð undur veraldar, sem áttu að leysa af hólmi hin fornu sjö undur veraldar, sem þekkt eru úr manngynsögunni.

Niðurstaðan þá varð sem hér segir: Taj Mahal á Indlandi, Chichen Itza í Mexíkó, Krististytta í Brasilíu, Kolosseum á Ítalíu, Kínamúrinn í Kína, Petra



KILIMANJARO Þetta tignarlega fjall í Afríku er meðal þeirra náttúruundra sem hvað merkilegust þykja. NORDICPHOTOS/APF

NÁTTÚRUUNDRIN 28

- Amason-frumskógurinn í Suður-Ameríku
- Englafoss í Venesúela
- Fundyflói í Kanada
- Svartiskógur í Þýskalandi
- Bu Tinah Shoals, eyjaklasi í Sameinuðu arabísku furstadæmum
- Moher-klettarnir á Írlandi
- Dauðahafið í Palestínu
- El Yunque-skógurinn í Púertó Ríkó
- Galapagos-eyjar við Suður-Ameríku
- Miklagljúfur í Bandaríkjunum
- Kóralrífið mikla við austurströnd Ástralíu
- Halong-flói, Víetnam
- Iguazu-fossar á landamærum Brasilíu og Argentínu
- Jeita-hellarnir í Líbanon
- Jeju-eyja við Suður-Kóreu
- Kilimanjarofjall í Tansaníu
- Komodoeyja, Indónesíu
- Maldiveyjar
- Masúríu-vatnasvæðið, Póllandi
- Matterhorn/Cervino, Sviss og Ítalíu
- Milford-sund, Nýja-Sjálandi
- Leðjufjöllin í Aserbaidsjan
- Neðanjarðarfliðið við Puerto Princesa á Filippseyjum
- Sundarbans (Fagriskógur) á Indlandi og Bangladess
- Borðfjall (Table Mountain), Suður-Afríku
- Uluru-klettur í Ástralíu
- Vesúvíus á Ítalíu
- Yushan (Jaðifjall), Taívan

í Jórdaníu og Machu Picchu í Perú.

Samkeppnin var óneitanlega hörð, því hvorki þrámíðarnir

miklu í Gísa, stytturnar á Páskaeyjum, Stonehenge á Bretlandi né Eiffel-turninn í París hlutu náð kjósenda. gudsteinn@frettabladid.is

ÞSSÍ hverfur frá Namibíu:

Þróunarsamvinna í 20 ár

UTANRÍKISMÁL Tuttugu ára samstarfi Íslendinga og Namibíumanna í þróunarmálum lýkur í lok árs 2010. Þetta tilkynnti Sighvatur Björgvinsson, framkvæmdastjóri Þróunarsamvinnustofnunar Íslands (ÞSSÍ), þar lendum stjórnvöldum nýlega.

Samstarfsþjóðum ÞSSÍ verður fækkað um helming vegna efnahagsástandsins, úr sex í þrjár, að því er fram kemur í tilkynningu. Tveir starfsmenn hafa verið í Namibíu á vegum ÞSSÍ, og hafa þeir verið beðnir um að starfa út árið 2010. Samstarf milli Íslands og Namibíu hófst þegar landið fékk sjálfstæði árið 1990. - bj

Blygðunarbrot, ekki nauðgun:

Dæmdur í hálfis árs fangelsi

DÓMSMÁL Héraðsdómur Reykjavíkur dæmdi í gær karlmann til sex mánaða fangavistar. Maðurinn er sakfelldur fyrir að brjóta gegn blygðunarsemi stúlku á Hótel Borg í maí síðastliðnum.

Atvik munu þau að stúlkan var stödd á herbergi á hótelinu þegar maðurinn kom og hafði samræði við hana gegn vilja hennar. Hún taldi hann annan mann í fyrstu. Maðurinn neitaði sök en framburður konunnar var trúverðugur að mati dómsins. - vsp

Sex unglingar vinna nú við að endursmiða listaverkið sem var eyðilagt fyrir í júlí:

Nýr Guttormur verður til

FÓLK Verið er að endurgera úti-listaverkið Guttorm í Húsdýragarðinum í Laugardal. Kveikt var í listaverkinu fyrr í mánuðinum og brann það til grunna.

Sex unglingar vinna nú undir handleiðslu Friðjóns Ólafssonar við að endurgera verkið, og að sögn Friðjóns munu þeir líklega ljúka við verkið á morgun. Íbúasamtök Laugardals standa fyrir endurbyggingunni og fengu til þess hjálp nokkurra styrktaraðila.

Guttormur var fyrsta samfélagslistaverk borgarinnar og var unnið af íbúum í Laugardalshverfi. Stærstan þátt áttu 23 nemendur úr Voga-, Langholts- og Laugalækjar-skóla undir handleiðslu Ólafar Nordal og Aðalheiðar Eysteinsdóttur. Upprunalega verkið var vígt í byrjun júní í sumar. - þeb



GUTTORMUR ENDURBYGGÐUR Daniel Hjálmar og Baldur unnu hörðum höndum við endurbyggingu Guttorms í gær, ásamt fjórum öðrum unglungum, undir leiðsögn Friðjóns Ólafssonar. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

ALVEG HREINT FRÁBÆR!

www.ms.is/gottimatinn



NOVA

Stærsti
skemmtistaður
í heimi!

0 kr.
mynd-
símtöl
innanlands
í sumar.



Sumartilboð:
Myndsímtöl 100 mín./mán.
hvert sem hringt er innanlands
tíll viðbótar við 0 kr. Nova í Nova.
Gildir til 1. september.

GENGIÐ 21.07.2009

GJALDMIÐLAR	KAUP	SALA
Bandaríkjadalur	125,84	126,44
Sterlingspund	206,53	207,53
Evra	178,85	179,85
Dönsk króna	24,016	24,156
Norsk króna	19,973	20,091
Sænsk króna	16,365	16,461
Japanskt jen	1,3354	1,3432

SDR	196,01	197,17
-----	--------	--------

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
231,2568

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Amfetamínmenn neituðu: Ætluðu að nota efnin í annað

DÓMSMÁL Jónas Ingi Ragnarsson og Tindur Jónsson neituðu því báðir við þingfestingu í Héraðsdómi Reykjaness í gær að hafa staðið að amfetamínframleiðslu við Rauðhelli í Hafnarfirði. Segjast þeir hafa ætlað að nota efnin í annað en amfetamínframleiðslu. Jónas játaði þó að hafa átt 18 kíló af kannabis og 700 grömm af amfetamíni sem fannst við húsléit.

Mennirnir voru handteknir í október grunaðir um að hafa verið höfuðpaurar í einni af fullkomnu amfetamínverksmiðju sem fundist hefur í Evrópu. Með efnunum sem þar fundust hefði mátt framleiða um 353 kíló af amfetamíni.

- vsp

Skorað á sveitarstjórnir:

Standi vörð um frítímabjónustu

FÉLAGSMÁL Félag fagfólks í frítímabjónustu hefur skorað á sveitarstjórnir í landinu að standa vörð um starfsemi félagsmiðstöðva og frístundaheimila. Þetta kemur fram í tilkynningu frá félaginu.

Þá kemur fram að tryggja þurfi jöfn tækifæri barna og unglinga til þátttöku í fjölbreyttu frítíma- starfi. Í því sé sérstaklega komið til móts við þá sem finna sig ekki í íþróttum eða hjá öðrum félags- samtökum. Starfsemi frítímabjónustu sé því kjarni forvarna- starfs, og enginn ávinningur yrði af því að skerða þá starfsemi. - þeb

ÁRÉTTING

Vegna spurningar í Kjörkassanum á mánudag er vert að taka fram að í greinargerð með þingsályktun um ESB-umsókn eru fyrirvarar um auðlindir. Á þeim er jafnframt hnykkt í nefndarálit meirihluta utanríkismálanefndar.

Forsætisráðherra Japans rauf þing og boðar til kosninga:

Viðurkennir gáleysisleg orð

JAPAN, AP Taro Aso, forsætisráðherra Japans, rauf þinghald neðri deildar japanska þingsins í gær og boðaði til kosninga í næsta mánuði.

Skoðanakannanir benda til þess að uppstokkunar sé að vænta í japönskum stjórnmálum, þar sem Frjálslyndi lýðræðisflokkurinn hefur verið ráðandi afl í meira en hálfa öld.

Aso viðurkendi að hann og flokkur hans væru í erfiðri stöðu, bæði vegna erfiðs efnahags- ástands en einnig vegna þess hve oft hann sjálfur hefur misst út úr sér fljótfærnisleg ummæli: „Vegna gáleysislegra orða minna



TARO ASO Forsætisráðherrann var þungur á brún er hann rauf þing.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

hefur almenningur misst trúna á mér og stjórninni. Mér þykir þetta afar leitt.“

Eftir að hafa rofið þing gagnrýndi hann þó harðlega Lýðræðis-

flokk Japans, sem er stærsti stjórnarandstöðuflokkurinn. Aso sagði flokkinn ekki hafa neina sjálfstæða stefnu í grundvallar- málum heldur nærast eingöngu á óvinsældum stjórnarinnar.

„Frjálslyndi lýðræðisflokkurinn er eini stjórnmalaflokkurinn sem getur stjórnað Japan af ábyrgð,“ sagði hann á blaðamannafundi í gær.

Aso er þriðji maðurinn sem gegnt hefur embætti forsætis- ráðherra Japans á jafnmörgum árum. Óvinsældir hans hafa orðið til þess að sumir þungavigtarmenn í flokknum hafa reynt að steypa honum af stóli.

- gb

Tilboðsgengið er 4,5 á hlut:

Alfesca skráð af markaði

VIÐSKIPTI Fyrirtækjaráðgjöf Saga Capital telur að gengið 4,5 krónur á hlut í Alfesca sé sanngjarnt til- boð til hluthafa. Matíó var unnið vegna yfirtökutilboðs Lur Berri Iceland ehf. á Alfesca.

Í tilkynningu frá Alfesca vegna matsins kemur fram að matíó sé 32,4 prósentum hærra en síðasta viðskiptaverð þann 28. maí síðastliðinn sem var sá dagur sem tilkynnt var um fyrirhugað samstarf. Enn fremur er tilboðs- verðið 25,3 prósentum hærra en meðaldagslokaverð síðustu sex mánuði þar á undan. Fyrirhugað er að afskrá félagið af NASDAQ OMX á næstunni.

- bpa

Dómari úrskurði um þörf fyrir þvaglegg

Sönnunargögn geta spillst þurfi úrskurð dómara fyrir töku þvagsýna með valdi segir sýslumaður. Nefnd samgönguráðherra vill úrskurð dómara fyrir svo miklu inngrípi í líkama. Best væri að þurfa ekki að taka þvagsýni segir sýslumaður.

LÖGREGLUMÁL Þurfi lögregla að fá úrskurð dómara áður en þvagsýni er tekið með valdi af fólki sem grunað er um ölvunarakstur mun sá tími sem fer í að afla úrskurðar- ins gera aðgerðina þýðingarlausu, segir Ólafur Helgi Kjartansson, sýslumaður á Selfossi.

Í tillögum nefndar samgöngu- ráðherra sem unnið hefur að endur- skoðun á umferðarlögum er gert ráð fyrir að lögregla þurfi að afla slíks úrskurðar áður en þvagsýni er tekið með valdi.

Þetta þýðir að óbreyttu að með því að neita að veita þvagsýni getur ökumaður sem grunaður er um ölvun frestað því að gefa sýni, með þeim afleiðingum að sönnunargögn geta spillst, segir Ólafur.

Hann segir að nokkrar klukkustundir geti tekið að kalla út dómara, leggja fram skjöl og biða úrskurðar í málum sem þessum.

Ekki þarf að fá þvagsýni sé öku- maður staðinn að verki við ölvun- arakstur. Þá dugar að taka blóðsýni til að sýna fram á ölvunarástand ökumannsins fyrir dómi. Leiki hins vegar grunur á að ökumaður hafi ekið undir áhrifum fyrir einhverju síðan þarf að taka bæði blóð- og þvagsýni.

„Það er alveg ljóst að best væri að þurfa aldrei að taka þvagsýni til að sanna að viðkomandi einstak- lingur sé ölvaður,“ segir Ólafur.

Hann segir heppilegra að breyta lögum þannig að hægt verði að nota útreikninga byggða á tveimur blóðprufum til að sýna fram á hver áfengisprósenta í blóði ökumanns var þegar hann sat undir stýri.

Í greinargerð með drögum



FRÍÐHELGI EINKALÍFSINS Nefnd samgönguráðherra segir að með vísan í stjórnar- skrárákvæði um fríðhelgi einkalífsins sé rétt að krefjast úrskurðar dómara áður en þvagsýni er tekið með valdi.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFAN

LÖGREGLAN MÁTTI BEITA KONU VALDI

Mál konu sem grunuð var um ölvunarakstur vorið 2007 vakti mikla athygli þegar í ljós kom að Lögreglan á Selfossi þurfti að beita valdi til að taka þvagsýni.

Lögregla fékk lækni til að setja

upp þvaglegg til að taka sýni gegn vilja konunnar. Héraðsdómur komst í framhaldinu að þeirri niðurstöðu að lögreglan hefði ekki farið út fyrir sínar valdheimildir með því að láta setja upp þvaglegginn.

ad frumvarpi að breytingu á umferðarlögum, sem nefnd samgönguráðherra hefur skilað af sér, segir að þvagrannsókn feli í sér verulegt inngríp í líkama manns, eins og dæmin sanni. Með hliðsjón af 71. grein stjórnskrárárinnar um fríðhelgi einkalífsins sé eðlilegt að gera kröfu um úrskurð dómara.

Ekki sé of mikið mál, né of tíma- frekt, að biða eftir því ferli.

Nefndin vísar einnig til annarra breytinga sem hún leggur til sem muni fækka þvagsýnatökum. Þar er átt við ákvæði um að þó fíknifni greinist í þvagi löngu eftir að þeirra er neytt varði það ekki við umferðarlög. brjann@frettabladid.is

Skátar á alþjóðlegu skátamóti:

Lögðu grasþök- ur í Garðabæ

ÚTIVIST Skátar unnu að því hörð- um höndum í gær að þekja Garða- torg í Garðabæ. Verkið er liður í alþjóðlega skátamótinu, Rover- way, sem nú stendur yfir hér- lendis.

Rúmlega þrjú þúsund skátar eru komnir til landsins og eru alls 52 sveitir, hver skipuð fimm- tíu skátum, staddar viðs vegar um landið þessa dagana. - þeb

Ný bók um íslenska hrundið:

Þáttur vogunar- sjóða skoðaður

EFNAHAGSMÁL Ný bók um fall íslenska bankakerfisins verður gefin út í Bandaríkjunum í lok júlí. Bókin ber titilinn Why Iceland, eða Hvers vegna Ísland, og er eftir dr. Ásgeir Jónsson, yfir- hagfræðing Kaupþings.

Í bókinni er uppbygging og vöxtur íslensku bankanna settur í alþjóðlegt samhengi, og fjallað um hrun þeirra síðastliðað haust. Meðal þess sem fjallað er um er þáttur erlendra vogunarsjóða og seðlabanka í fallinu.

Bókin verður fyrst um sinn gefin út á ensku, en ýtarlegri íslensk útgáfa er væntanleg í haust, segir í tilkynningu. Utgef- andi er McGraw Hill. - bj

HEIMURINN	Temperature
Alicante	35°
Basel	31°
Berlín	31°
Billund	22°
Eindhoven	21°
Frankfurt	30°
Friedrichshafen	33°
Gautaborg	22°
Kaupmannahöfn	22°
Las Palmas	24°
London	21°
Mallorca	34°
New York	29°
Orlando	31°
Ósló	18°
París	21°
San Francisco	20°
Stokkholmur	21°

Vindhraði er í m/s. Hitastig er í °C. Gildistími korta er um hádegi.

Blómið sem heldur að það sé grænmeti

Áhugaverðar staðreyndir um ættfræði og frystimöguleika spergilkáls

Getur endurheimt ferskleikann þótt það sé farið að fölna ef því er skellt í iskalt vatn

Góð uppspretta trefja

Er best þegar það er dökkgrænt með fjólubláum keim og stöngullinn er þéttur í sér

Hentar einkar vel til frystingar og er því gott að gera stórinnaup á því þegar framboð er sem mest



Spergilkál og blómkál eru einu grænmetistegundirnar sem eru í raun blóm

Ríkt af C-vítamíni

Hættir við þornun svo best er að vefja það plasti eða geyma í þeim umbúðum sem það kom í frá framleiðanda

Geymist best við kulda og er viðkvæmt fyrir birtu og dragsúg svo að ísskápurinn er hinn fullkomni geymslustaður



islenskt.is



Eiga lífeyrissjóðirnir að hlaupa undir bagga með Landsvirkjun við fjármögnun?

Já 44,5%
Nei 55,5%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Hefur niðurskurður hjá lögregluembættum landsins verið of mikill?

Segðu skoðun þína á visir.is



Hægt gengur að vinna í skipulagsmálum á Hljómalindarreitnum:

Rólegt meðan frost er á markaði

SKIPULAGSMÁL Hægt gengur að vinna í skipulagsmálum á Hljómalindarreitnum. Hugmynd að reitnum var kynnt síðasta haust en til stendur að rífa og færa til öll hús, utan þriggja, á Laugavegi og niður á Hverfisgötu sem eru milli Smiðjustígs og Klapparstígs. Áætlað er að verslanir, veitingastaðir, hótél og skrifstofur verði í nýju húsunum.
„Það voru skiptar skoðanir um þessa tillögu en svo fengum við að sjá núna í sumar hvernig borgin vill sjá þetta,“ segir Benedikt Sigurðsson, stjórnarformaður Festa ehf. sem vinnur að hugmyndinni.
„Næsta skref er að arkitekt haldi áfram að þróa þetta í samstarfi við



TORGI Í BILI Ekki verður byrjað að byggja fyrir en það liggur fyrir hverjir munu starfa í húsunum.

skipulagsyfirlönd. Þetta er allt í róleghættum á meðan menn eru að átta

sig hvernig þróun verður á markaðnum,“ segir Benedikt.
Hann segir fólk í verslunarrekstri vera hikandi vegna ástandsins. Fyrirtækjæigendur sem hyggjast starfa í byggingunum verði að ákveða mörg ár fram í tímann hvaða starfsemi þeir ætli að hafa þar. Því verði ekki farið að byggja fyrir en það liggur fyrir hverjir munu starfa í húsunum.
„Haldið verður áfram að vinna að skipulagsvinnunni í róleghættum og því var ákveðið að byrja á því að snyrta svæðið af því við erum ekki að sjá að þetta byrji næstu eitt eða tvö árin.“ Upphaflega áttu framkvæmdir að klárast árið 2012. - vsp

Telja seli orsaka minnkandi afla

BRETLAND Vísindamenn á vegum Alþjóðahafrannsóknaráðsins hafa viðurkennt að ofveiði sé líklega ekki stærsta orsök minnkandi fiskistofna. Þetta kemur fram í blaðinu Fishery News.
Vísindamennirnir rannsökuðu Írska hafið, sem liggur milli Írlands og Bretlands, og tóku eftir að selum hefur fjölgað mikið. Fjölgun sela gæti því aðeins verið ástæða því að þeir éta fiskinn frá sjómönnum.
Formaður fiskisambands Norður-Írlands segir svölitið seint í rassinn gripið að halda því núna fram sem fiskveiðimenn hafa fullrytt í mörg ár. - vsp

GLÆNÝ STÓRLÚÐA

Fiskikóngurinn • Sogavegi 3 • 108 Reykjavík • sími 587 7755

Golfmót VM

og kynning á orlofssvæðinu við Laugarvatn

VM heldur fjölskyldugolfmót á golfvællinum Dalbúa í Miðdal 25. júlí nk. Ræst út á öllum brautum kl. 10 stundvíslega og leiknar 9 holur. (Texas Scramble).

Mótið er eingöngu fyrir félagsmenn VM og gesti. Hámarksfjöldi 40-44 þátttakendur. Þátttökugjald 1.000 kr.

Mótinu ætti að ljúka um kl. 13.00 og koma þá allir inn á sama tíma. Þúttvöllurinn verður opinn og einnig æfingarsvæðið fyrir þá sem ekki taka þátt í mótinu en vilja æfa sig.

Tilkynnið skráningu á gudmundur@vm.is eða í síma 575 9800. Vinsamlegast takið fram hve margir ætla að taka þátt í mótinu.

KYNNING Á ORLOFSSVÆÐI VM VIÐ LAUGARVATN

VM heldur kynningu á orlofssvæði félagsins í landi Snorrastaða við Laugarvatn 25. júlí kl. 13 til 16. Boðið verður upp grillaðar pylsur og gos. Kynntar verða hugmyndir að framtíðaruppbyggingu á svæðinu. Vonumst til að sjá sem flesta félagsmenn og fjölskyldur þeirra!

Félag vélstjóra og málmtnakninnanna

VM ▶ Stórhöfða 25 ▶ 110 Reykjavík ▶ sími 575 9800 ▶ www.vm.is

Hundruð ábendinga vegna bótasvikara

Vel á þriðja hundruð ábendinga um bótasvik hafa borist Vinnuálastofnun og RSK frá því í maí. Ábendingarnar varða einstaklinga og allt upp í stórfyrirtæki. Virðast allt eðlilegar ábendingar, að sögn starfsmanns eftirlitssviðs RSK.

VELFERÐ Vel á þriðja hundruð ábendinga um bótasvik hafa borist Vinnuálastofnun og ríkisskattstjóra (RSK) frá því átak þeirra byrjaði í maí. Markmið átaksins er aðallega að vinna gegn svartri vinnu og skattsvikum. Allar ábendingar eru skoðaðar.
„Ábendingarnar varða einstaklinga og allt upp í stórfyrirtæki. Í þeim fyrirtækjum getur síðan verið um að ræða mörg störf,“ segir Gissur Pétursson, forstjóri Vinnuálastofnunar.
Hann segir Vinnuálastofnun hafa brugðist við í mörgum tilvikum. Til dæmis með því að taka fólk af greiðsluskrá atvinnutrygginga, en töluverða úrvinnslu þarf í hvert mál, að sögn Gissurar.
En telurðu að það séu margir sem stundi svarta vinnu? „Ég held að það sé töluvert mikið í samfélaginu af fólki sem vinnur svart og það vinnur gegn grunnstöðum velferðarkerfisins,“ segir Gissur.



TRYGGINGASTOFNUN Hægt er að beina ábendingum um meint bótasvik úr almannatryggingakerfinu til Tryggingastofnunar. Einnig er hægt að beina ábendingum um meint bótasvik til Vinnuálastofnunar og ríkisskattstjóra. Myndin er úr safni og tengist ekki efni fréttarinnar beint. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Ábendingar til Vinnuálastofnunar hafa samtals verið 201. Þær voru 55 í maí, 68 í júní og 78 í júlí, fram að gærdeginum. Gissur segir aukninguna milli mánaða aðallega stafa af auglýsingaferferð sem Vinnuálastofnun fór í til að kynna átakið.
Þó er ljóst að einhverjar ábendingar varða sama einstaklinginn eða fyrirtækið. Á móti séu þó einhverjar ábendingar sem varða marga einstaklinga, segir Gissur.
Ríkisskattstjóri hefur fengið um 70 ábendingar eftir að átakið byrjaði, að sögn Ólafs Jónssonar hjá eftirlitssviði ríkisskattstjóra. Meirihluti þeirra ábendinga sé þó vegna brota á skattalöggjöfinni. Allar ábendingar eru skoðaðar en sem stendur er mikið um sumar-

HVERNIG BEINIRÐU ÁBENDINGU?

Á vef ríkisskattstjóra, www.rsk.is, er hægt að smella á hnapp á miðri forsíðunni sem heitir „...sem þjófur að nóttu?“ Aðallega koma þangað ábendingar um meint skattsvik. Ekki er nauðsynlegt að segja til nafns.
Á vef Vinnuálastofnunar, www.vinnuálastofnun.is, er hlekkur undir fyrirsögninni „Ábendingar um bótasvik“ um miðja forsíðu. Aðallega koma þangað ábendingar um svarta vinnu. Ábendingin er nafnlaus og sagt að ekki sé hægt að rekja hvaðan hún kemur.
Á vef Tryggingastofnunar, www.tr.is, er hægt að tilkynna meint bótasvik úr almannatryggingasjóði. Smellt er á hlekk um miðja hægri hliðina á forsíðunni sem ber heitið „Ábendingar um bótasvik“. Ekki er nauðsynlegt að skrifa nafn sitt. - vsp

frí hjá deildinni og því ganga málin hægar fyrir sig, samkvæmt Ólafi.
En eru ekki einhverjar ábendingar sem eru uppspuni? „Af þeim sem ég hef skoðað þá virðist ekkert bera með sér annað en að þetta séu allt eðlilegar ábendingar,“ segir Ólafur.

Einnig er hægt að beina ábendingum um meint bótasvik úr almannatryggingakerfinu til Tryggingastofnunar. Það átak hófst síðasta fimmtudag en upplýsingar um fjölda þeirra ábendinga fáast á næstunni, samkvæmt upplýsingum frá Tryggingastofnun. vidirp@frettabladid.is

STJÓRNARFAR Í EVRÓPUSAMBANDINU

■ Miðjustjórn	■ Hægristjórn	■ Vintristjórn	
Bretland	Frakkland	Írland	Holland
Finnland	Þýskaland	Ítalía	Slóvenía
Belgía	Slóvakía	Lettland	Spánn
Austurríki	Danmörk	Litháen	Portúgal
Rúmenía	Eistland	Pólland	
	Grikkland	Svíþjóð	
		Malta	
		Lúxemborg	
		Búlgaría	
		Kýpur	
		Tékkland	
		Ungverjaland	

44 prósent landa ESB til hægri

Í tólf af 27 löndum Evrópusambandsins eru stjórnir sem telja verður hægri sinnaðar. Það eru um 44,4 prósent. Átta löndum er stjórnað af vinstri flokkum og fimm lönd hafa miðjustjórnir. Í flestu löndum þar sem eru hægri og vinstri stjórnir er oftast um samteypustjórnir að ræða. Þegar metið er hvaða lönd hafa hægri stjórn og hvaða lönd vinstri stjórn er tekið mið af meirihluta í ríkisstjórn og erlendum fjölmiðlaheimildum. Nokkur lönd þarf hins vegar að útskýra betur. Í Tékklandi er vinstri utanþingsstjórn sem starfar fram í október. Í Lúxemborg er ekki starfhæf ríkisstjórn um þessar mundir. - vsp

Auglýsingasími

512 50 50

Mest lesið

PRÝSTIJÖFNUNAR SVAMPSRÚM

30%

AFSLÁTTUR!



- Lagar sig að líkamanum
- Veitir fullkomna slökun
- Engin hreyfing milli svefnsvæða
- Hefur óviðjafnanlega þyngdardreyfingu
- Kemur líkamanum í rétta stellingu til hvíldar
- Þarf ekki að snúa
- 10 ára ábyrgð

**PRÝSTIJÖFNUNAR-
SVAMPSRÚM**
(Queen size 153x203)
Verð frá 165.500 kr.

**Verð nú frá
115.850 kr.**

**FJÖLSTILLANLEG HÁGÆÐA
AMERÍSK HEILSURÚM Á
30% AFSLÆTTI!**



S-CAPE

Fjölstillanlegt amerískt
heilsurúm með hágæða
heilsudýnu (2x97x203)
Verð frá 821.114 kr.

**Verð nú frá
574.480 kr.**

WALLHUGGER

Fjölstillanlegt amerískt
heilsurúm með hágæða
heilsudýnu (2x97x203)
Verð frá 676.114 kr.

**Verð nú frá
473.279 kr.**

rekkjan

VEISTU SVARIÐ?



1. Fyrir hvaða sjónvarpsframleiðanda störfuðu Íslendingarnir tveir sem hlutu Telly-verðlaunin fyrir auglýsingu sem skartaði fótboltakappanum Michael Ballack í aðalhlutverki?
2. Hve margir Evrópubúar nota evruna daglega?
3. Til hvaða félagsliðs í Svíþjóð er knattspyrnumaðurinn Jónas Guðni Sævarsson að fara?

SVÖRIN ERU Á Síðu 22

Umræður á franska þinginu: Vilja taka harðar á netþjófnæði

FRAKKLAND, AP Franska þingið ræðir nú nýja útgáfu frumvarps að lögum um netþjófnæði. Fyrri útgáfa frumvarpsins reyndist brjóta í bága við stjórnarskrá Frakklands.

Í frumvarpinu er mælt fyrir um stighækkandi refsingar fyrir ítrekuð brot. Þeir, sem grunaðir eru um þjófnæði á höfundarréttarvörðu efni í gegnum Netið, geta átt von á að nettengingum þeirra verði lokað tímabundið, eða sætt sektum og jafnvel fangelsi.

Frumvarpið hefur verið að mjakast í gegnum þingið mánuðum saman og verður líklega ekki afgreitt fyrr en í haust. - gb

LÖGREGLUFRÉTT

Stal milljón krónum frá N1

Um einni milljón króna var stolið úr læstum peningaskáp í verslun N1 á Egilsstöðum um helgina. Þjófnæðurinn komst upp á mánudag, og hefur lögregla haft uppi á þjófnum og öllu þýfinu. Málið er talið að fullu upplýst samkvæmt lögreglu.

Skilanefnd Kaupþings hefur selt og endurskipulagt fjölda fyrirtækja í þeirra eigu:

Nær allar innstæður greiddar

EFNAHAGSMÁL Um 33.530 innstæðueigendur Kaupþings Edge í Þýskalandi hafa fengið innstæður sínar greiddar til baka. Heildarupphæðin sem greidd hefur verið til innstæðueigenda er um 320 milljónir evra. Enn á eftir að greiða innstæður til um 800 innstæðueigenda en það hefur tafist vegna skorts á upplýsingum frá viðkomandi. Þetta kemur fram í nýrri skýrslu frá skilanefnd Kaupþings.

Skilanefndin hefur auk þess eignast að fullu finnska frystifyrirtækið Huurre Group Oy. Lán til félagsins voru endurfjármögnuð og í sömu aðgerð



ÞORP Í ÞÝSKALANDI Búið er að greiða innstæður til nær allra innstæðueigneda Kaupþing Edge í Þýskalandi. Einungis á eftir að greiða innstæður til um 800 einstaklinga. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

eignaðist skilanefnd Kaupþings félagið að fullu. Meðal eigna þar sem skila-

nefndin hefur endurskipulagt starfsemina er félagið Mosaic Fashions. Unnið hafði verið að því að endurskipuleggja félagið í samvinnu við stjórnendur þess. Ákveðið var að stofna nýtt félag, Aurora Fashions, sem tók yfir sumar eignir Mosaic Fashions, meðal annars Karen Millen, Coast, Warehouse og Oasis. Í skýrslu skilanefndarinnar segir að nýja félagið sé traust en aðrar eignir Mosaic Fashions hafa verið seldar og félagið verið lýst gjaldþrota.

Skilanefndin hefur jafnframt selt útibú Kaupþings í Finnlandi og eignir í Noregi, Svíþjóð, Bretlandi og Bandaríkjunum. - bpa

Viðgerðir á Hallgrímskirkju: Ríkisstjórnin ræddi kirkjuna

FRAMKVÆMDIR Ekki hefur náðst samkomulag milli ríkisins, kirkjunnar og Reykjavíkurborgar um fjármögnun á viðgerðum við Hallgrímskirkju. Eins og Fréttablaðið hefur greint frá stefna viðgerðirnar í að kosta nær helmingi meira en upphafleg kostnaðaráætlun gerir ráð fyrir, eða 540 milljónir. Það kemur til vegna þess að steypuskemmdir voru miklu meiri en talið hafði verið.

Málið var rætt á fundi ríkisstjórnarinnar í gær. Að sögn Rögnu Árnadóttur, dóms- og kirkjumálaráðherra, er engin niðurstaða komin í málið en verið er að vinna í málinu. - þeb



HÓTEL VALHÖLL Þrjátíu viðskiptavinir Símans á svæðinu misstu talsamband þegar símstöð, sem var í Hótel Valhöll, eyðilagðist við brunann. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFAN

Samband á Þingvöllum: Símsstöð reist á ný á mánudag

FJARSKIPTI Ný símsstöð var tekin í gagnnið á Þingvöllum um tvöleytið á mánudaginn. Engin símsstöð hafði verið á Þingvöllum frá því að símsstöð, sem var í Hótel Valhöll, brann með hótelinu 10. júlí síðastliðinn. Við það misstu um þrjátíu viðskiptavinir Símans talsamband.

Að sögn Kristmundar Halldórssonar, deildarstjóra talsíma-kerfa Símans, þurfti að fá leyfi til að setja símsstöðina aftur niður. Síðan þurfti að grafa í jörð og endurnýja kapla og rafmagnsleiðslur. Að lokum þurfti að útbúa bráðabirgðasímsstöð og fara með hana austur á Þingvöll. - vsp

FRÉTTAVIÐTAL Árni Páll Árnason félagsmálaráðherra

Velferðin ráði regluverki fjármálanna

Félagsmálaráðherra segir að sjónarmið velferðarþjónustunnar eigi að ráða því hve lausan taum fjármálamarkaðurinn fær. Frumvarp um endurskoðun atvinnuleysistrygginga verður lagt fram í haust. Niðurskurðarvinnan er hafin.

Árni Páll Árnason félagsmálaráðherra segir að endurskipuleggja þurfi það kerfi sem lýtur að fjármálum og markaði hér á landi. Allt of lengi hafi það verið þannig að velferðarmálin hafi enga aðkomu haft að því kerfi. Því verði að breyta þannig að velferðarsjónarmiðin ráði meiru. Þegar kreppi að hafi sýnt sig að velferðarkerfið þurfi að borga.

„Það er náttúrulega einfaldlega þannig þegar horft er til baka á þessar erfiðustu kreppur sem við höfum gengið í gegnum, að þær eru vegna hruns á fjármálamarkaði. Þær eru ekki vegna hruns á vinnumarkaði. Við höfum alltaf verið að nálgast hlutina út frá því að það þurfi að passa að hafa svo opinn og sveigjanlegan vinnumarkað, sem er alveg rétt, og haft áhyggjur af því hvort við ýtum undir atvinnuleysi með þessu eða hinu. En allir þessir mælikvarðar verða hálfhjálkatlegir þegar horft er á það gríðarlega tjón sem orðið hefur," segir Árni Páll. Hann segir samfélagslegt tjón gríðarlega mikið og efast um að regluverk og áhættumat hafi verið með eðlilegum hætti á fjármálamarkaðnum.

Árni spyr hvort ekki sé eðlilegt að félagsmálaráðuneytið komi meira að því að marka leikreglu markaðarinnar þar sem velferðarkerfið beri kostnaðinn við samfélagshrunið. Á milli ráðuneytanna sem sinna markaðnum og markaðsins sjálfs geti myndast óeðlilega náð samband. Þá þurfi að hafa talsmenn annarra sjónarmiða við borðið, þar hljóti menn að horfa til þess ráðuneytis sem fer með velferðarmálin.

„Aftur og aftur lendum við í kreppu vegna þess að menn missa sjónar á því sem mestu skiptir, í einhverri bólukennið fjármála-starfsemi. Alltaf er það velferðarkerfið sem þarf að taka við.

Sjónarmið velferðarþjónustunnar ættu að ráða því hversu lausan tauminn við gefum fjármálamarkaðnum á hverjum tíma. Áhættumatið á að vera víðara og stærra, það á ekki alltaf að einblína á þennan eina markað; fjármálamarkaðinn.

Reynslan er sú að hrun á honum veldur gríðarlegu samfélagsþjóni annars staðar hjá varnarlausu



ÁRNI PÁLL ÁRNASON Félagsmálaráðherra segir að regluverk fjármálamarkaðar hafi of mikið miðast við markaðinn sjálfan. Velferðarkerfið þurfi að borga þegar hrunið verður og því sé eðlilegt að taka einnig tillit til þess. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

GETUR ÞAÐ BEIÐ Í 36 MÁNUÐI?

„Við reynum í auknum mæli að nálgast verkefni út frá spurningunni: má þetta bíða að óseku í 36 mánuði? Það er alltaf fyrsta spurningin. Og það eru mörg ágætismál sem falla á því prófi. Við verðum að gæta að því að nýta þessa takmörkuðu fjármuni vel, því við vitum að fram undan eru erfiðir tímar," segir Árni Páll.

Hann segir niðurskurðarvinnu þegar hafna og í ágúst fái hann tillögur frá undirstofnunum um hvernig megi forgangsraða. Um 85 prósent af útgjöldum ráðuneytisins fara til málaflokks fatlaðra og um 90 prósent af því eru laun. Lág laun sem ekki sé hægt að lækka. Því þurfi að finna leiðir til að nýta fjármuni betur.

„Það er mjög auðvelt að verja fjárframlög til allra málaflokka í þessu ráðuneyti, það þarf enga sérstaka hæfileika til þess. En það að fórn, það að fallast á að kannski sé einhver annar málaflokkur meira virði, eða eigi frekar að fá fjárlög á erfiðleikatímum, það er mjög erfitt." Árni Páll segir þekkingu og heildarsýn lykilinn að því.

NÝ LÖG Í HAUST

Unnið er að endurskoðun laga um atvinnuleysistryggingarsjóð þar sem horft er til reynslu af hlutfallslegum og tekjutengdum bótum. Haft verður samráð við aðila vinnumarkaðarinnar og í kjölfarið lagt fram lagafrumvarp. Árni segir hlutabætur aldrei hafa verið hugsaðar sem niðurgreiðsla á óhjálkvæmilegri launalækkun á vinnumarkaði. Vel komi til greina að setja hámark á þær. „Ætjum við að segja að menn geti verið á hlutabótum á móti kannski 500 þúsund krónum fyrir hálf starf?" spyr ráðherra.

Hann minnr þó á að kerfinu hafi verið komið á til að draga úr uppsögnum. Það megi ekki gleymast. Það sé betra fyrir samfélagið að stærrí hópur sé á 75 prósent launum, en að fólk fari alfarið á bætur.

Árni Páll segir að huga verði að samspili bóta og lægstu launa. „Fólk verður auðvitað að hafa ávinning af því að vinna og það er ekki auðvelt



MANNLÍF Árni Páll vill skoða samspil bóta og lægstu launa.

í dag þar sem lægstu laun eru svona lág, sérstaklega þegar við bætist kannski dagvistarkostnaður og annað slíkt."

fólki. Og menn hafa kannski alltaf verið með skökk módel í hausnum í þessu áhættumati, menn hafa bara verið að hugsa: hver er áhættan fyrir bankana? ekki: hver er áhættan fyrir þjóðarþú, hver er áhættan fyrir atvinnustigið og blásaklaust fólk sem missir vinnuna?"



FRÉTTAVIÐTAL
KOLBEINN
ÓTTARSSON PROPPÉ
kolbeinn@frettabladid.is



LAGAÐEILD HÁSKÓLA ÍSLANDS

svavar kröfum tímans

Icesave-samkomulagið

Málstofa um nokkur lagaleg álitæfni

Fimmtudaginn 23. júlí, kl. 12.30-14.00
stofu 105 í Háskólatorgi.



Ragnar H. Hall



Elvira Mendéz Pinedo



Peter Dyrberg



Eyvindur G. Gunnarsson

Framsögumenn:

Grundvöllur ábyrgðar - Efni samninganna
Ragnar H. Hall, hæstaréttarlögmaður

Evrópuréttarleg álitæfni um ábyrgð Íslenska ríkisins
Dr. M. Elvira Mendéz Pinedo, dósent í Evrópurétti við lagadeild Háskóla Íslands

Icesave-samningarnir frá Evrópuréttarlegu sjónarhorni
Peter Dyrberg, forstöðumaður Evrópuréttarstofnunar Háskólans í Reykjavík og ráðgjafi Icesave-samninga-nefndarinnar

Fundarstjóri: Eyvindur G. Gunnarsson, lektor við lagadeild Háskóla Íslands

Allir velkomnir

TAX FREE!

22-27 júlí

TAX FREE!

 Electrolux



Afnemum
virðisaukaskatt
af öllum
heimilistækjum

AFNEMUM VIRÐISAUKASKATT AF HEIMILISTÆKJUM

**KÆLISKÁPAR - FRYSTISKÁPAR - ELDAVÉLAR -
HELLUBORÐ - OFNAR - HÁFAR - UPPÞVOTTAVÉLAR
- ÞVOTTAVÉLAR - ÞURRKARAR**

Að sjálfsgöðu stendur Húsasmiðjan skil á virðisaukaskatti til ríkissjóðs.



Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl og eru háðar lagerstöðu.

Ódýrt

Rýmning



40% afsláttur af ÖLLUM blómápottum!

299

Fullt verð: 490

Vnr. 88016002

Einnotagrill
Einnotagrill.



4.990

Vnr. 87741715

Kælibox

EZETIL kælibox, 30 l.

29.900

Fullt verð: 63.900

Vnr. 50632136

Eldhitari

DELUX gaseldhitari, 65x220cm, 25 kg, 3,6kW.
Hitari sem hitar og lýsir upp nánasta umhverfi.



19.900

Vnr. 50632137

Eldstæði

Gaseldstæði,
svart, 10,1kW
100x64x54 cm.



Vnr. 50701092

Arinn

TERRA COTTA
kertaarinn, 27 cm.



1.290

Fullt verð: 1690

19.900

Fullt verð: 27.390

Vnr. 79280406

Eldstæði

Eldstæði 58cm kopar með neti.



Vnr. 41616055

Garðstól!

MILAN garðstóll,
Iron Wood viður.



4.990

Fullt verð: 6.990

3.900

Fullt verð: 4.990

Vnr. 87977810

Kælitaska

EZETIL 2 l 12v.



Vnr. 63002072

Borð

SCAB fellanlegt borð 95cm.

16.990

Fullt verð: 19.900

1.990

Fullt verð: 3.955

Vnr. 54930025

Slöngutengjasett

DAYE slöngutengjasett.



1.490

Fullt verð: 2.290

Vnr. 88015963

Barnatjald

Barnatjald 100x100x130cm.



gardsala

á sumarvörum! ALLT á að seljast!

Vnr. 50614005-6

Kolagrill

BARBECOOK BASIC eða OPTIMA kolagrill, ryðfrítt, hæð 75 cm, grillflötur 40 cm.

Verð frá
12.990

Fullt verð: 24.900



Flymo

Vnr. 53323037

Sláttuvél

FLYMO sláttuvél, 1500W, sláttubreidd 40 cm, sláttuhæð 15-41 mm, þyngd 7,5 kg.

36.900

Fullt verð: 44.900

Vnr. 53323163

Sláttuvél

Warrior sláttuvél með fjörgengis mótör. Vélin er 4 hestöfl með 40 l safnpoka, stillanleg sláttuhæð frá 20-70 mm, sláttubreidd 46 cm.



24.900

Fullt verð: 33.900

39.900

Fullt verð: 58.900

Vnr. 53323162

Sláttuvél

Warrior sláttuvél með fjörgengis mótör. Vélin er 5.5 hestöfl með 60 l safnpoka, sjálfdrifin, stillanleg sláttuhæð, sláttubreidd 50 cm.

29.900

Fullt verð: 40.590

Vnr. 74891134

Sláttuvél

BOSCH ROTAK sláttuvél 34 c.

19.900

Fullt verð: 34.140

Vnr. 74890010

Mosatætari

BOSCH mosatætari AMR 32 F, 400 W, 27 lítra kassi. Sláttubreidd 32 cm.

39.900

Fullt verð: 48.900

Vnr. 53323032

Mosatætari

Mosatætari 1700w með safnara.

25.900

Fullt verð: 30.228

Vnr. 49818017

Hekklippur

Bensín hekklippur, 22 cc, sverðlengd 56 cm.

Partner

Vnr. 53323047

Sláttuorf

PARTNER sláttuorf.

27.900

Fullt verð: 39.900

Partner

Vnr. 53323046

Sláttuorf

PARTNER sláttuorf, 28cc tvíengis bensínmótör, 0,7 hestöfl. Sláttubreidd 43 cm, vegur 5,5 kg.

19.900

Fullt verð: 27.900



Löggæslumál í ólestri:

Sorglegur viðskilnaður

JÓN KALDAL SKRIFAR

Lýsingar lögreglumanna á höfuðborgarsvæðinu á starfsumhverfi sínu eru ekki gæfulegar.

Þetta ástand þarf því miður ekki að koma á óvart. Því hefur verið haldið fram um árabíl að grunnþjónusta löggæslunnar hafi verið vanrækt.

Sökina á þessari afleitu stöðu er ekki núverandi stjórnvalda heldur fyrst og fremst þeirra ríkisstjórna sem á undan fóru.

Umfram allt situr Björn Bjarnason, fyrrverandi dómsmálaráðherra, uppi með mikla ábyrgð í þessum efnum.

Björn var dómsmálaráðherra frá 2003 til 2009 og það var hans hlutverk að verja þá málaflokka sem heyra undir dómsmálaráðuneytið.

Björn sýndi ákveðna framsýni á ýmsum sviðum, til dæmis frumkvæði að stofnun greiningardeilda og eflingu sérsveitar lögreglunnar. Uppsakar hann að mörgu leyti ómaklega og ósanngjarna gagnrýni fyrir þau verk sín.

Björn getur hins vegar ekki vikið sér undan því að viðskilnaður hans við grunnþjónustu löggæslunnar er hörmulegur. Sá þáttur er nánast ein rjúkandi rúst.

Ástæðan er ekki flókin. Eins og Snorri Magnússon, formaður Landssambands lögreglumanna, benti á í viðtali við Vísi í gær hefur lögreglunni verið gert að skera niður í fjölmörg ár. „Það er búið að skera fituna og vöðvana í burtu. Það er ekkert eftir nema beinagrindin,“ sagði Snorri.

Staðan í kjölfar góðærisins er sem sagt sú að lögreglan er komin að fótum fram eftir áralangt fjársvelt.

Þetta er auðvitað skelfilegt ástand og í raun illskiljanlegt að stjórnvöld hafi leyft málum að fara á þennan veg.

Af hverju þetta hefur gerst er sérstakt rannsóknarefni. Nógu voru fyrirheitin metnaðarfull og skynsamleg eins og þau voru framsett í Löggæsluáætlun 2007-2011, sem dómsmálaráðuneytið gaf út vorið 2007.

Þar var mörgum orðum eytt í eflingu nærþjónustu og sýnilegrar löggæslu. Þróunin hefur þó verið á hinn veginn; afturför á báðum sviðum. Þessi útgáfa dómsmálaráðuneytisins er gott dæmi um að orð vegna einskis ef þeim fylgja ekki athafnir.

Tónninn í lögreglumönnum er órvæntingarfyllri nú en áður hefur heyrst.

Stjórnvöld geta ekki annað en brugðist við. Það verður að finna leiðir til að létta af lögreglunni kröfum um niðurskurð og sparnað.

